

Fundargerð ferðamálaráðs

8. fundur – 21. febrúar 2007

Kl. 13-14:30 í samgönguráðuneytinu.

Mættir:

Einar Oddur Kristjánsson (EOK), Dagný Jónsdóttir (DJ), Dóra Magnúsdóttir (DM), Gunnar Már Sigurfinnsson (GMS), Jón Ásbergsson (JÁ), Lára B. Pétursdóttir (LBP), Pétur Rafnsson (PR), Sævar Skaptason (SS), Helga Haraldsdóttir (HH) Magnús Oddsson (MO) og Sigurður Unnar Einvarðsson (SUE).

Að auki mættu eftirfarandi sérfræðingar fyrir ráðið:

Kjartan Ólafsson fyrir Norðurveg ehf. (KÓ), Hreinn Haraldsson fyrir Vegagerðina (HrH), Stefán Thors fyrir Skipulagsstofnun (ST), Helgi Jensson fyrir Umhverfisstofnun (HJ), Sigurros Friðriksdóttir fyrir Umhverfisstofnun (SF) og Ólafur Örn Haraldsson fyrir Ferðafélag Íslands (ÓÓH).

Dagskrá fundarins:

1. Fundargerð 7. fundar ferðamálaráðs, 8. desember 2006
2. Hugmyndir um heilsársveg yfir Kjöl, sérfræðingar mæta og kynna ráðinu afstöðu sína
3. Staða rannsóknar á áhrifum hvalveiða í atvinnuskyni á íslenska ferðapjónustu
4. Kynning á fyrirhugaðri endurskoðun ferðamálaáætlunar
5. Önnur mál

Gögn afhent/lögð fram á fundinum:

- Fundargerð 7. fundar ferðamálaráðs frá 8. desember 2006
- Dagskrá 8. fundar ferðamálaráðs

Eftirfarandi fór fram:

1. *Fundargerð 7. fundar ferðamálaráðs frá 8. desember 2006.*

Fundargerð 7. fundar ferðamálaráðs frá 8. desember 2006 var lögð fram og samþykkt einróma án athugasemda.

2. *Hugmyndir um heilsársveg yfir Kjöl, sérfræðingar kynntu afstöðu sína.*

Kynning sérfræðinga:

Norðurvegður – Kjartan Ólafsson

Fyrstur til að taka til máls var KÓ fulltrúi Norðurveggar. Kom meðal annars fram í máli hans að Norðurvegur gerir ráð fyrir að lagður verði vegur með 8.5m breiðri vegkrónu og 2 – 3m á hæð miðað við nánasta umhverfi. Norðurvegur gerir ráð fyrir að með nýju vegarstæði myndi leiðin á milli Reykjavíkur og Akureyrar stytast um 47 km. en leiðin milli suðurlands og norðurlands stytast verulega mikið meira. Þannig myndi leiðin milli Selfoss og Akureyrar stytast um 141 km. Þá sýndi KÓ á kortum hvernig hugmyndin er að nýr vegur liggi yfir Kjöl. Að lokum kom fram hjá KÓ að ekki yrði farið í þessa framkvæmd nema samið yrði við ríkið um viðhald vegarins og hvernig honum yrði skilað til ríkisins, en gerði ráð fyrir að mögulegt væri að stuðst yrði við sama fyrirkomulag og var varðandi Hvalfjarðargöng.

Vegagerðin – Hreinn Haraldsson

HrH var því næst spurður um skoðun Vegagerðarinnar á lagningu nýs Kjalveggar í samræmi við hugmyndir Norðurveggar. HrH kvað Vegagerðina ekki hafa formlega skoðun á lagningu nýs Kjalveggar.

Umhverfisstofnun – Helgi Jensson og Sigurrós Friðriksdóttir

Umhverfisstofnun benti í máli sínu á að fyrirhugað vegstæði nýs Kjalvegjar lægi samkvæmt hugmyndum Norðurvegjar þvert yfir nýtt friðland og auk þess að hluta yfir votlendi. Framkvæmdin væri því að öllum líkindum óafturkræf.

Fulltrúar Umhverfisstofnunar lýstu einnig yfir áhyggjum af því hvaða leið væri hugsuð að hinum nýja Kjalvegi, hvort Norðurvegur hefði hugsað sér að beina umferðinni um Þingvelli eða Þrastarskóg en huga yrði vel að áhrifum aukinnar umferðar um þau svæði.

Aðspurðir sögðu fulltrúar Umhverfisstofnunar stofnunina ekki hafa kannað kosti eða galla fyrirhugaðs vegarstæðis samanborið við önnur vegarstæði yfir Kjöl. Að lokum kom fram að Umhverfisstofnun setti sig ekki upp á móti uppbyggingu núverandi Kjalvegjar sem greiðfærs sumarvegjar.

Skipulagsstofnun – Stefán Thors

ST skipulagsstjóri ríkisins benti á að til staðar væri skipulag fyrir svæðið, þar sem ekki væri gert ráð fyrir uppbyggðum heilsársvegi yfir Kjöl. Þar væri hins vegar gert ráð fyrir að Kjölur sé aðal-fjallvegur, sem greiðfær sumarvegur með árstíðabundinni þjónustu.

Ferðafélag Íslands – Ólafur Örn Haraldsson

ÓÖH forseti F.Í. lagði á það áherslu í máli sínu að í tengslum við hugmyndir um heilsársveg yfir Kjöl stæðu menn frammi fyrir vali um efnahagslegan ávinning af vegi yfir Kjöl eða að varðveita Kjöl sem óbyggðasvæði og náttúruleg verðmæti. Ekki væri mögulegt að hafa báða kosti. Umferð um uppbyggðan heilsársveg myndi gjörspilla mestu verðmætum hálendisins sem felast í kyrrðinni sem þar ríkir. Umferðargnýr af þungaflutningum á vegi eins og þeim sem hér um ræðir berst fleiri kílómetra um óbyggðirnar og rjúfi þar með kyrrð og ró öræfanna. F.Í. leggist því algerlega gegn lagningu nýs vegar yfir Kjöl, en setur sig ekki upp á móti uppbyggingu þess vegar sem fyrir er sem greiðfærs sumarvegjar.

Spurningar frá ferðamálaráði

Meðal þeirra spurninga sem fram komu var hvort mögulegt væri að stytta leiðina Akureyri – Reykjavík um núverandi hringveg. Vegagerðin taldi að möguleikar á styttingu nú væru í kringum 20km. Fulltrúi Norðurvegjar benti á að mögulegt væri að stytta leiðina um nýjan veg yfir Kjöl um 5km til viðbótar þeirri 47km styttingu sem yrði miðað við núverandi hugmyndir. Þá spurði EOK um hvernig fyrirhugað væri að nýr Kjalvegur tengdist þjóðvegakerfinu, hvaða leið væri gert ráð fyrir í hugmyndum Norðurvegjar ehf. að vegfarendur færu frá Reykjavík að Gullfossi. KÓ svaraði því til að gert væri ráð fyrir að umferðin færi yfir Hellisheiði og gegnum Grímsnes að Gullfossi.

Því næst spurði SS fulltrúa Norðurvegjar ehf. um hvort gerðar hefðu verið einhverjar áætlanir um að koma til móts við aðra ferðamenn en akandi, til að mynda hestamenn, en vegarstæðið sker í sundur vinsælar ferðaleiðir hestamanna um Kjöl samkvæmt hugmyndum Norðurvegjar ehf. KÓ kvað engar slíkar áætlanir vera fyrir hendi. Þá settu fundarmenn einnig fram spurningar um viðbragðsáætlanir vegna slysa sem yrðu svo langt frá byggð en KÓ sagði þau atriði yrðu könnuð.

Ályktun ferðamálaráðs

Í kjölfar ofangreindrar umfjöllunar ferðamálaráðs um hugmyndir um lagningu uppbyggðs heilsársvegjar yfir Kjöl var samþykkt að ráðið sendi frá sér ályktun um lagninguna. Ályktun ferðamálaráðs er svohljóðandi:

Ályktun ferðamálaráðs vegna hugmynda um lagningu nýs Kjalvegjar

Reykjavík, 1. mars 2007

Að undanfögnu hafa verið kynntar hugmyndir Norðurveggar ehf. um lagningu nýs Kjalveggar en þær gera ráð fyrir rúmlega metersháum og 8,5 m. breiðum vegi með bundnu slitlagi frá Gullfossi að Silfrastöðum í Skagafirði. Þetta nýja vegarstæði muni að hluta til liggja yfir ósnortið land.

Samgönguráðherra fól ferðamálaráði að fara yfir málið frá sjónarhóli ferðaþjónustunnar og voru því fulltrúar Norðurveggar ehf., Vegagerðarinnar, Ferðafélags Íslands, Skipulagsstofnunar og Umhverfisstofnunar fengnir til að gera grein fyrir afstöðu sinni á fundi ráðsins þann 21. febrúar s.l.

Ferðamálaráð telur að uppbyggður heilsársvegur yfir Kjöl, hannaður fyrir þungaflutninga, sé í andstöðu við framtíðar hagsmuni íslenskrar ferðaþjónustu. Lagning slíks vegar myndi svipta svæðið bæði kyrrð og öðrum sérkennum öræfanna en slík verðmæti eru vandfundin og því afar mikils virði.

Hálendisferðir eru upplifun sem fjöldi innlendra og erlendra ferðamanna meta mjög mikils og munu í auknum mæli sækjast eftir í framtíðinni.

Einnig er óljóst hvort stóraukin umferð þungaflutninga um uppsveitir Árnessýslu og dali Skagafjarðar sé heimamönnum þóknanleg. Með slíkum vegi muni svæðið einnig kalla á margvíslega þjónustu uppi á hálendinu, sem yrði til mikilla lýta auk þess að auka álag á viðkvæm svæði.

Ferðamálaráð leggst því alfarið gegn hugmyndum um lagningu uppbyggðs heilsársveggar yfir Kjöl en telur að skoða beri til hlítar mögulegan ferðamannaveg, eins og fram kemur í núverandi skipulagi miðhálendisins.

*F.h. ferðamálaráðs
Einar Oddur Kristjánsson, formaður*

3. Staða rannsóknar á áhrifum hvalveiða í atvinnuskyni á íslenska ferðaþjónustu

Magnús Oddsson ferðamálastjóri kynnti stöðu rannsóknar á áhrifum hvalveiða á íslenska ferðaþjónustu. Hann sagði samráðshóp um verkefnið hafa verið stofnað og sá hópur hefði komið saman fjórum sinnum frá stofnun. Rannsóknin hefði nú þegar verið sett af stað en til verksins var fengin ParX, viðskiptaráðgjöf IBM, en þeir hafi öflug tengsl við samstarfsaðila erlendis. Fram kom að rannsókninni er beint að 5 markaðssvæðum íslenskrar ferðaþjónustu; austurströnd Bandaríkjanna, Bretlandi, Þýskalandi, Frakklandi og Danmörku. Samhliða þessari rannsókn verður gerð könnun hjá söluaðilum á svipuðum nótum. Kostnaður við þessa rannsókn er áætlaður um 15.5 milljónir króna.

4. Kynning á fyrirhugaðri endurskoðun ferðamálaáætlunar

Magnús Oddsson, Ferðamálastjóri kynnti fyrirhugaða endurskoðun ferðamálaáætlunar. Vinna við endurskoðunina var sett af stað fyrir en ætlað var, meðal annars sökum þess að verkefnum fyrri ferðamálaætlunar lauk á undan áætlun. Kallaður hefur verið saman stýrihópur til að hafa umsjón með endurskoðuninni, en hann er eins skipaður og sá er áður fór með endurskoðun ferðamálaáætlunar. Fyrsti fundur stýrihópsins hefur þegar farið fram.

5. Önnur mál

Viðhorf til hlutverks ferðamálaráðs

Undir dagskrárliðnum “önnur mál” vakti Dagný Jónsdóttir máls á viðhorfi almennings og hagsmunaaðila til starfsemi ferðamálaráðs. Svo virtist sem almennt teldu utanaðkomandi aðilar að ráðið hefði meiri tækifæri til áhrifa heldur en það raunverulega hefur samkvæmt lögum um skipan ferðamála. Vildi Dagný forvitnast um hvernig öðrum ráðsmönnum þætti umræðan vera í þeirra röðum.

Ráðsmenn voru almennt sammála um að svo virtist sem algengt væri að hagsmunaaðilar og aðrir hefðu rangar hugmyndir um hlutverk og vald ferðamálaráðs og teldu ráðið þannig geta haft mun meiri áhrif heldur en í raun er. Svo virtist sem fólk hefði misskilið lögin og þær breytingar sem gerðar voru á skipan ferðamála með þeim og ætlaðist til mun meiri árhifa heldur en möguleg eru innan þessa ramma.

Bent var á að breytingarnar hefðu þó verið vel kynntar og að hagsmunaaðilar hefðu haft ár til að gera athugasemdir við lagabreytingarnar.

Árnaðaróskir til Ingilínar

Í lok fundar óskuðu ráðsmenn að færðar yrðu til bókar innilegar heillaóskir til Ingilínar, ritara ferðamálaráðs, í tilefni þess að hún eignaðist stúlku í janúar.

Fundargerð ritaði SUE